



Varðandi: Gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar 2017
Málsnúmer: 1611175
Dagsetning: 1. desember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir hækkun gjaldskrár fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað fyrir árið 2017 um 15 % samanborið við árið 2016.

Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 18.786 (var kr. 16.336 árið 2016) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald verði kr. 16.021 (var kr. 13.931 árið 2016) miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.

GREINARGERÐ: Gert er ráð fyrir eftirfarandi sorpgjöldum fyrir árið 2017 sem innheimt verði með fasteignagjöldum sbr. fylgiskjal nr. 1:

1. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 18.786 (var kr. 16.336 árið 2016) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
2. Sorpeyðingargjald verði kr. 16.021 (var kr. 13.931 árið 2016) miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Við ákvörðunartökuna um gjaldskrána nú eru eftirtaldir tekju- og gjaldaliðir lagðir til grundvallar skv. 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:



1. Áætlaðar tekjur að fjárhæð kr. 92.364.000.
2. Áætluð gjöld að fjárhæð kr. 92.340.933 sem greinast þannig:
 - a. Áætlaður sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 81.828.141
 - b. Annar kostnaður vegna „stjórnunarkostnaðar“ og umsýslu bæjarskrifstofu (stjórnsýslu- og fjármálasvið og skipulags- og umhverfissviðs) kr. 5.027.000.
 - c. Eigin vinna starfsmanna í Gámu kr. 310.000.
 - d. Áætlaður kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 2.304.000.
 - e. Lóð Gámu kr. 2.239.000
 - f. Áætlaðar afskriftir vagna fastafjármuna í Gámu kr. 482.792.
 - g. Áætluð fjármagnsgjöld í Gámu kr. 150.000.
3. **Niðurstaða sorpmála 2017.**

Samtals tekjuafgangur að fjárhæð kr. 23.067.

Til frekari skýringa á tekju- og kostnaðarliðum vísast til meðfylgjandi fylgiskjals nr. 2.

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2017, sem var til fyrri umæðu í bæjarstjórn þann 8. nóvember síðastliðinn, var gert ráð fyrir óbreyttum sorpgjöldum en umtalsverð hækkun var hins vegar reiknuð á þjónustu verktakans og því var rekstrarhalli á málaflokknum að fjárhæð um 21 mkr. Það var gert með hliðsjón af þeim kostnaðartölum sem þá lágu fyrir um þjónustuna en Akraneskaupstaður og Borgarbyggð fóru í sameiginlegt innkaupaferli (útboð) í ágúst síðastliðnum og var gert ráð fyrir að nýr samningur um sorphirðu og sorpeyðingu tæki gildi þann 1. desember síðastliðinn.

Tilboðin sem bárust voru hins vegar langt umfram kostnaðaráætlun eða um 34% og niðurstaðan varð sú að falla frá útboðinu og fara í nýtt útboð og er vinna að útboðsgögnum í fullum gangi. Gert er ráð fyrir að hvort sveitarfélag um sig fari í sjálfstæð útboð þar sem samlegðaráhrif virðast ekki vera fyrir hendi í sameiginlegu útboði. Samkomulag náðist hins vegar við þjónustuaðila um framlengingu á núverandi þjónustusamningi tímabilið 1. desember 2016 til 1. júní 2017 með 20% hækkun verða út samningstímamann samkvæmt samþykki bæjarstjórnar þann 23. nóvember síðastliðinn sbr. fylgiskjal nr. 3.



Akraneskaupstaður

Við ákvörðun um fjárhæð gjaldsins nú er m.a. tekið mið af þeim breytingum sem urðu frá fyrri umræðu fjárhagsáætlunar og þeirri raunhækkun þjónustunnar sem verður árið 2017 miðað við gjöldin árið 2016 sbr. framangreinda 20% hækkun þjónustunnar sem og úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 54/2015 varðandi þá kostnaðarliði sem sveitarfélögum er heimilt að leggja til grundvallar við gjaldtöku vegna þjónustunnar. Hækkun þjónustunnar kemur ekki af fullum þunga fram í gjaldskránni en þó er hækkunin 15% á milli ára sökum þessa.

Að lokinni málsmeðferð bæjarráðs verður gjaldskráin send til umsagnar heilbrigðisnefndar Vesturlands en samkvæmt upplýsingum undirritaðs er fyrirhugaður fundur í nefndinni þann 12. eða 19. desember.

Miðað við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 17/2016 sbr. fylgiskjal 4 telur undirrituð fullnægjandi að umsögn heilbrigðisnefndar liggi fyrir (að því gefnu að umsögn sé jákvæð) áður en álagning sorpgjalda fer fram sem verður fljótlega eftir áramótin. Hins vegar er engin vafi á að heppilegra væri að umsögnin nefndarinnar lægi fyrir áður en gjaldskráin er endanlega samþykkt í bærarstjórn við síðari umræðu um fjárhagsáætlun þann 13. desember næstkomandi.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Fylgiskjöl:

1. Drög að gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað 2017.
2. Rekstur Gámu og álagning samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 dags. 2. desember 2016.
3. Viðauki dags. 28. nóvember 2016 um framlengingu á verksamningi dags. 6. ágúst 2010 um sorphirðu, rekstur móttökustöðva með síðari breytingum sbr. yfirlýsingar samningsaðila frá 18. febrúar 2015 og 8. júní 2016.
4. Úrskurður umhverfis- og auðlindamála nr. 17/2016, dags. 14. apríl 2016.